

## Frjálslyndur kristinndómur.

Prédikun flutt í íslenzku Unitara-kyrkjunni í Winnipeg, haustið 1906, af  
**Síra Lewis G. Wilson,**  
skrifara Ameriska Unitarafélagsins í Boston, Mass.

Fyrr en vér fórum að athuga framför frjálslyndrar kristinnar trúar sem áreiðanlegann hlut, mun hver meðal skyni gæddur maður biðja oss um einhverja sönnun fyrir því að trúarbrögðin sjálf hljóti að eiga nokkra framtíð fyrir höndum. Vér vitum að samdar eru fjölmargar bækur, óteljandi ritgjörðir og fyrilestrar, til að sýna fram á að trúarbrögðin sjálf séu lítið meir en eftirstöðvar hjátrúar og hleypidéma fornaldarinnar. Ef aftur á móti trúarbrögðin sjálf eru samfara mannlegu eðli, í þeim sama skilningi og minnið, meðvitundin og ígrundanin; ef þau verða að vera til, eins og lungun, hjartað og heilinn í líkamanum, svo líkaminn geti verið til, þá getum vér íhugað einhverja vissa þýðingu þeirra, eins og útleggingu hins frjálslynda kristindóms á þeim.

Hið allra vanalegasta yfirlit yfir trúarbrögðin er frá tveimur gagnstæðum hliðum. Stór meiri hluti kristinna manna, svo kallaðra, skoða trúarbrögðin eins og eitthvað er algjörlega liggi fyrir utan mannlegt eðli og mannleg tilvera sé í eðli sínu þeim móthverf. Og maðurinn öðlast þau með ýmsum ytri athöfnunum eins og síðum seremoníum, sakramentum og trúarjátningum. Tökum til d. Kaþólsku kyrkjuna. Kenning hennar er, að sér hafi verið fengin trúin til varðveislu og á ýmsan yfirnáttúrleg ann hátt útbýti hún henni til einstaklinganna gegn um presta sína og embættlinga. Maðurinn er liggur fyrir dauðans dyrum, getur sent eftir prestinum sínum og hann veitir honum sakramenti er tryggir honum allar náðar og helgunar gjafir.

Stórum hluta Prótestanta er kent það, að trúin sé *eitt hvarð* er þeir verði að „*öðlast*.“ Rannsóknir meðal fávísra svertingja í Suður-ríkjum hafa sýnt að þeir skoða trúna líkamlegs eðlis, til dæmis, ef meðan á „*afturhvarfs-bænasamkomum*“ stendur, einhver kennir einhverra undarlegra tilfinninga, eins og setji að